# Fimmtudagur 24. ágúst



## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Nóttin milli ára** (Natten mellan 5 och 6). Sænsk barnamynd um litla telpu sem bíður þess með óþreyju að verða sex ára. Áður á dagskrá 3. okt. 1988. (Nordvision – Sænska sjónvarpið).
18.20 **Unglingarnir í hverfinu** (Degrassi Junior High). Kanadískur myndaflokkur um unglinga í framhaldsskóla. Þýðandi Reynir Harðarson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.55 **Hver á að ráða?** (Who's the Boss?). Bandarískur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.20 **Ambátt** (Escrava Isaura). Brasilískur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Sonja Diego.
19.50 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Gönguleiðir.** Þáttaröð um þekktar og óþekktar gönguleiðir. – Langanes. – Leiðsögumaður Skúli Þorsteinsson. Umsjón Jón Gunnar Grjetarsson.
20.55 **Matlock.** Bandarískur myndaflokkur um lögfræðing í Atlanta og einstæða hæfileika hans við að leysa flókin sakamál. Aðalhlutverk Andy Griffith. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
21.45 **Íþróttasyrpa.** Stiklað á stóru í heimi íþróttanna hérlendis og erlendis.
22.10 **Harry Belafonte.** Samtals- og tónlistarþáttur frá danska sjónvarpinu. Þýðandi Gunnar Þorsteinsson. (Nordvision – Danska sjónvarpið).
23.00 **Ellefufréttir og dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Með Beggu frænku.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.00 **Brakúla greifi.** Count Duckula. Bráðfyndin teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Leikraddir: Júlíus Brjánsson, Kristján Franklín Magnús, Þórhallur Sigurðsson o.fl.
20.30 **Það kemur í ljós.** Í þessum þætti taka þeir spilafélagar á móti Sigrúnu Harðardóttur söngkonu og heimsspekingi. Umsjón Helgi Pétursson.
21.05 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur.
21.35 **Bang, þú ert dauður.** Peng, Du bist tot. Andrea er þýskukennari í Boston og þegar henni býðst að heimsækja Þýskaland grípur hún tækifærið höndum tveim. Í flugvélinni á leiðinni til Þýskalands kynnist hún Peters, eldri manni er rekur sjálfstætt tölvufyrirtæki sem sérhæfir sig í tölvuleikjum. Aðalhlutverk: Ingolf Luck, Rebecca Pauly og Hermann Lause. Bönnuð börnum.
23.15 **Djassþáttur.**
23.40 **Gung Ho.** Þegar bílaverksmiðjum bæjarins Hadleyville í Pennsylvaníu er lokað kemur ungur og dugmikill maður til skjalanna. Hann drýgir þá dáð að telja japanska fyrirtækið Assan Motors á að halda verksmiðjunum opnum áfram. Aðalhlutverk: Michael Keaton. Leikstjóri og framleiðandi: Ron Howard.

## Rás I FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Jón Bjarman flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið** með Sigurði Einarssyni. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Ólafur Oddsson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
9.03 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrökku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Dóru Ólafsdóttur. Bryndís Schram flytur. Fyrri hluti. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi** með Halldóru Björnsdóttur.
9.30 **Landpósturinn.** Umsjón: Þorlákur Helgason. (Endurtekinn þáttur frá 29. f.m.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar. Tónlist.
13.05 **Í dagsins önn.** Umsjón: Álfhildur Hallgrímsdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (2).
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Miðdegislögun.** Snorri Guðvarðarson blandar. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Hvað er kvikmyndahandrit?** Umsjón: Ólafur Angantýsson. (Endurtekinn frá 3. ágúst.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – Bítlarnir. Fyrri þátturinn um þessa frægu hljómsveit. Umsjón: Sigurlaug M. Jónasdóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Tsjaíkovskí og Prokofiev.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
18.10 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næturútvarpi kl. 4.40) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni í umsjá Ólafs Oddssonar.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir. (Einnig útvarpað á sunnudagskvöld kl. 21.10.)
20.00 **Litli barnatíminn:** Ævintýrið um hugrökku Rósu. Ævintýri úr bókinni Tröllagil og fleiri ævintýri eftir Dóru Ólafsdóttur. Bryndís Schram flytur. Fyrri hluti. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Ópera mánaðarins:** Ástardrykkurinn eftir Gaetano Donizetti. Flytjendur: Katia Ricciarelli, José Carreras, Leo Nucci, Domenico Trimarchi og Susanna Rigacci ásamt kór og sinfóníuhljómsveit Tórínóborgar. Claudio Scimone stjórnar. Kynnir: Jóhannes Jónasson.
22.00 **Fréttir.**
22.07 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
22.15 **Veðurfregnir.** Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
22.30 **Það er drjúgt sem drýpur.** Vatnið í íslenskum ljóðum. Þriðji og lokaþáttur. Umsjón: Valgerður Benediktsdóttir. Lesari: Guðrún S. Gísladóttir.
23.10 **Gestaspjall** – Þetta ætti að banna. Kommúnistamerki á Gullna hliðinu. Umsjón: Viðar Eggertsson. (Einnig útvarpað mánudag kl. 15.03.)
24.00 **Fréttir.**
0.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.**
1.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.**


**HREINSIÐ LJÓSKERIN REGLULEGA.**




**DRÖGUM ÚR HRAÐA!**

UMFERÐAR RÁÐ


## RÁS 2 FM 90,1

7.03 **Morgunútvarpið:** Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, maður dagsins kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Morgunsyrpa.** Eva Ásrún Albertsdóttir. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskveðjur kl. 10.30. Þarfaþing með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Milli mála.** Árni Magnússon á útkíkki og leikur nýju lögin. Hagyrðingur dagsins rétt fyrir þrjú og Veiðihornið rétt fyrir fjögur.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lísa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum. – Meinhornið.
18.03 **Þjóðarsálin,** þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Við hljóðnemann eru Vernharður Linnet og Atli Rafn Sigurðsson.
22.07 **Sperrið eyrun.** Skúli Helgason leikur þungarokk, gæðapopp og verk gömlu rokkrisanna á ellefta tímanum.
1.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns.** Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

### NÆTURÚTVARP

1.00 **Blítt og létt....** Gyða Dröfn Tryggvadóttir. (Einnig útvarpað í bítið kl. 6.01.)
2.00 **Fréttir.**
2.05 **Eric Clapton og tónlist hans.** Skúli Helgason rekur tónlistarferil hans í tali og tónum. (Endurtekinn þáttur frá sunnudegi.)
3.00 **Næturnótur.**
4.00 **Fréttir.**
4.05 **Glefsur.** Úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins.
4.30 **Veðurfregnir.**
4.40 **Á vettvangi.** Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Endurtekinn þáttur frá Rás 1 kl. 18.10.)
5.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
5.01 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
6.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum.**
6.01 **Blítt og létt....** Endurtekinn sjómannaþáttur Gyðu Drafnar Tryggvadóttur á nýrri vakt. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10–8.30 og 18.03–19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03–19.00.

## FM 98·9 BYLGJAN

7.00 **Páll Þorsteinsson** Palli fer á fætur við fyrsta hanagal. Gluggað í blöðin og þægileg tónlist á leið til vinnu. **Fréttamenn alltaf á vakt.**
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Frísk stelpa mætt með allar bestu ballöður seinni ára á vaktina. Síminn hjá Valdísi er 61-11-11.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Besti tónlistarkokkteillinn sem völ er á. Óskalagasíminn er **61-11-11.**
17.00 **Hallgrímur Thorsteinsson – Reykjavík síðdegis.** Þetta er þáttur hlustenda sem geta haft samband og komið sínum málefnum til skila í gegnum símann **61-11-11.**
19.00 **Snjólfur Teitsson.** Rétta tónlistin yfir kvöldmatnum.
20.00 **Listapopp – Íslenski listinn** milli **20 og 22** og svo er **breski, bandaríski og evrópski** listinn milli **22 og 24.** Umsjónarmenn: **Pétur Steinn, Gunnlaugur Helgason og Bjarni Haukur Þórsson.**
24.00 **Næturvakt Bylgjunnar.** Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson** Morgunþáttur sem enginn má láta fram hjá sér fara, góð tónlist og talmálsliðir. **Sex fréttatímar á dag. Stjörnuskot kl. 9 og 11.**
9.00 **Gunnlaugur Helgason.** Er hann ekki mættur!!! Í stuði eins og venjulega, hádegisverðarpottur **Stjörnunnar og Hard Rock Café,** Bibba á sínum stað ásamt fjöldanum öllum af leikjum og getraunum. **Fréttir kl. 10, 12 og 14. Stjörnuskot kl. 13.**
14.00 **Margrét Hrafnsdóttir. Loksins Magga mætt aftur í hljóðver** Stjörnunnar eldhress. Kl. 16.30 er Stjörnuskáldið valið og eldhúsdagsumræðurnar Talað út eftir sex-fréttir. **Fréttastofan á slaginu 16 og 18. Stjörnuskot kl. 15 og 17.**
19.00 **Snorri Sturluson. Nýr liðsmaður á Stjörnunni leikur nokkur** vel valin gullaldarlög.
20.00 **Íslenski listinn.** Þá er hann byrjaður aftur og miklu betri en síðast. Ítarleg umfjöllun um vinsælustu lögin í **Bretlandi, Bandaríkjunum og Evrópu** ásamt **íslenska listanum.** Umsjónarmenn og kynnar eru **Pétur Steinn, Gulli Helga og Bjarni Haukur.**
24.00 **Næturvakt Stjörnunnar.**

## RÓT ÚTVARP FM 106·8

9.00 **Rótartónar.**
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Óákveðið.**
14.30 **Elds er þörf.E.**
15.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Í hreinskilni sagt.** Pétur Guðjónsson.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Neðanjarðargöngin 7–9–13.** Óháður vinsældalisti.
21.00 **Úr takt.** Tónlistarþáttur með Hafliða Skúlasyni og Arnari Gunnari Hjálmtýssyni.
22.00 **Tvífarinn.** Tónlistarþáttur í umsjá Ásvalds Kristjánssonar.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt** með Ríkharði Sigurðssyni.

## EFFEMM 95,7

7.00 **Hörður Arnarson.**
9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
11.00 **Steingrímur Ólafsson.**
13.00 **Hörður Arnarson.**
15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie.**
17.00 **Steingrímur Ólafsson.**
19.00 **Anna Þorláks.**
22.00 **Sigurður Ragnarsson.**
1.00– 7 **Páll Sævar Guðnason.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur**
5.00 **The DJ Kat Show.** Barnaefni.
7.30 **Panel Pot Pourri.** Spurningaþáttur.
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur með ráðleggingum.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
11.55 **General Hospital.**
12.50 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
13.45 **Loving.**
14.15 **The Lucy Show.** Gamanþáttur.
14.45 **Sylvanians.** Teiknimyndasería.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Hæfileikakeppni
18.00 **Sale of the Century.** Spurningaþáttur.
18.30 **Beyond 2000.** Vísindaþáttur.
19.30 **The Streets of San Francisco.** Spennumyndaflokkur.
20.30 **The Paper Chase.** Framhaldsmyndaflokkur
21.30 **Jameson Tonight.** Rabbþáttur.
22.30 **The Down Under Show.** Skemmtiþáttur.

## SKY MOVIES

13.00 **Chariots of Fire.**
15.05 **Crystalstone.**
17.00 **I am a Dancer.**
19.00 **Streets of Gold..**
21.00 **Heat.**
23.00 **Fear City.**
00.40 **The Hitchhiker.**
01.10 **Return to Macon County.**
03.00 **Heat.**

## EUROSPORT

9.30 **Snóker.** Bestu snókerleikar heims leiða saman hesta sína í Sheffield.
10.30 **Trans World Sport.** Bifhjólakappakstur.
11.30 **Þríþraut.** Heimsmeistarkeppnin í Avignon.
12.30 **Skíði.** Brun kvenna í Argentínu.
14.30 **Hjólreiðar.**
13.30 **Sund.** Frá Evrópumeistaramótinu í Bonn.
14.30 **Frjálsar íþróttir.** Stórmót í Koblenz.
15.30 **Eurosport Menu.**
16.00 **Snóker.** Bestu snókerleikar heims leiða saman hesta sína í Sheffield.
17.00 **Mobil Motor Sport News.** Fréttir og fleira úr kappaksturkeppnum.
17.30 **Surfer magazine.** Brimbrettakeppni á Hawaii.
18.00 **Frjálsar íþróttir.** Unglingameistaramót í Júgólslavíu.
19.00 **Skíði.** Keppni í svigi og stórsvigi karla í Ástralíu.
20.00 **Knattspyrna.** Undankeppni heimsmeistarakeppninnar
21.00 **Ástralska knattspyrnan.**
22.00 **Snóker.** Bestu snókerleikar heims leiða saman hesta sína í Sheffield.

## SUPER CHANNEL

13.30 **Poppþáttur.**
14.30 **Hotline.**
16.30 **Nino Firetto.** Tónlistarþáttur.
17.30 **'Allo 'Allo.** Gamanþáttur.
18.00 **Land Raiders.** Kvikmynd.
19.50 **Fréttir og veður.**
20.00 **Triumphs of a man Called Horse..** Kvikmynd.
22.00 **Fréttir, veður og popptónlist.**



**Viðar Eggertsson fjallar um uppsetningu Leikfélags Akureyrar á Gullna hliðinu 1969.**

### Rás 1 kl. 23.10:

# Þetta ætti að banna

## – Gestaspjall

Viðar Eggertsson leikari verður með Gestaspjall í kvöld á rás 1 og er það eins og fyrri þættir hans um atvik í íslenskri leiklistarsögu þar sem sýningar ollu deilum og hneykslun.

Að þessu sinni er fjallað um umdeilda sýningu Leikfélags Akureyrar á Gullna hliðinu 1969. Nefnist þátturinn Þetta ætti að banna: Kommúnistamerki á Gullna hliðinu.

### Stöð 2 kl. 23.15:

# Gítarleikarinn Herb Ellis

## – djassþáttur

Stöð 2 hefur gert þó nokkuð í að sinna þörfum djassunnenda með að hafa djassþætti á fimmtudagskvöldum. Hafa þar komið fram undanfarna fimmtudaga þekktir sem óþekktir snillingar sveiflunnar. Má þar nefna Ernie Watts, þann hinn sama er leikur með Mezzoforte á nýjustu plötu þeirra, Playing for Time, og bassasnillinginn Brian Torff sem heillaði alla sem á hann horfðu og hlustuðu.

Í kvöld er það síðari hluti dagskrár með gítaleikaranum Herb Ellis. Ellis er margreyndur gítarleikari sem á að baki fjörutíu ára feril, bæði sem einleikari og með stórsveitum ýmsum. Þá hefur samstarf hans við gítarleikarana Barney Kessel og Charlie Byrd verið rómað.

Í kvöld hefur hann sér til aðstoðar bassaleikarann Dave Manslow. Þátturinn var tekinn upp í Triangle Jazz Club í Minneapolis og leika þeir félagar þekkt dægurlög sem allir ættu að kannast við. -HK



**Þessi mynd er ekki við hæfi barna.**

### Stöð 2 kl. 21.35:

# Bang, þú ert dauður

Andrea er þýskukennari í Boston og býðst langþráð tækifæri til þess að heimsækja Þýskaland. Í flugvélinni á leið til Þýskalands kynnist hún Peters, rosknum manni sem er sérfræðingur í tölvuleikjum. Þegar Andrea ætlar að kveðja ferðafélaga sinn á vellinum er hann á bak og burt.

Það kemur í ljós að fjölda manns á flugvellinum fýsir mjög að hafa hendur í hári Peters. Smám saman fara vinir Peters að týna tölunni vegna óútskýranlegra galla í ýmiss konar tölvubúnaði. Andrea og samstarfsmaður Peters reyna að komast til botns í þessu máli en lestinni, sem flytur þau á áfangastað, er tölvustýrt af engum öðrum en tölvuséníinu Peters.

Aðalhlutverk leika Ingolf Luck, Rebecca Pauly og Hermann Lause en leikstjóri var Adolf Winkelmann. Bent skal á að myndin er ekki við hæfi barna. -Pá